



Tillaga um aðgerðaráætlun Lýðræðisstefnu 2026-2030

Lagt er til að stafrænt ráð samþykki aðgerðaráætlun Lýðræðisstefnu Reykjavíkur fyrir árin 2026-2030. Jafnframt verði verkefninu Hverfalyftunni vísað til frekari útfærslu og undirbúnings og kostnaðarmats á grunni útfærslunnar.

Jafnframt er lagt til að samþykkja að Breiðholt verði pilotverkefni Hverfalyftunnar og að undirbúningur Hverfalyftu í Breiðholti hefjist á árinu 2026. Verkefnið GreenInCities sem er í vinnslu í Breiðholti verði samsköpunarverkefni Hverfalyftunnar í Breiðholti og fjármagn Hverfið mitt verði nýtt í framkvæmd þess verkefnis.

Greinargerð:

Lýðræðisstefna Reykjavíkur 2021-2030 var samþykkt í borgarstjórn 19. október 2021 ásamt aðgerðaráætlun hennar.

Hér er meðfylgjandi næsta aðgerðaráætlun stefnunnar fyrir árin 2026-2030.

Hún er í takti við samstarfsyfirlýsingu Samfylkingar, Pírata, Sósíalístaflokksins, Flokks fólksins og Vinstri grænna frá 21. febrúar 2025 þar sem kveðið er á um eftirfarandi: „Við ætlum að efla samtal við íbúa um alla borg með nýjum og fjölbreyttum lýðræðislegum leiðum og borgarþingum og endurskoða fyrirkomulag íbúasamráðs.“

Í þessu samhengi var ákveðið að setja til hliðar íbúaráðin og setja á laggirnar nýja lýðræðisaðferð sem gerir íbúum kleift að koma athugasemdum og sjónarmiðum sínum á framfæri á skilvirkan hátt og hér er verið að svara því ákalli. Íbúaráðin voru vettvangur íbúa til að móta umhverfi sitt og skila inn ábendingum og hugmyndum, meðal annars til gerðar viðhalds- og fjárfestingaáætlunar og vor- og vetrarþjónustuaðila. Hverfalyftan mun taka við því hlutverki á milliliðalausán hátt.

Aðgerðaráætlunin hefur farið í samráð meðal lykilstjórnenda og borgarfulltrúa en verður einnig fljótlega kynnt fyrir íbúum á opnum fundi sem geta einnig skilað athugasemdum í samráðsgátt. Fyrir endanlega afgreiðslu borgarstjórnar á aðgerðaráætluninni verða mögulegar athugasemdir teknar til álita.

Ekki er unnt að kostnaðarmeta nákvæmlega Hverfalyftuna eins og staðan er, sér í lagi vegna þess að eftir er að fastsetja nákvæman tímaramma og umgjörð þegar kemur að starfi hverfisleiðtoga. Einnig er ljóst að töluverð tímavinna hefur verið skráð á verkefnið Hverfið mitt í gegnum árin sem munu mikið til sparast á móti þessu nýja verkefni sem kemur í staðinn. Því þarf að fara vandlega yfir hvað mun sparast til og hvað getur nýst í þessa nýju aðferð.



AÐGERÐARÁÆTLUN LÝÐRÆÐISSTEFNU 2026-2030 - HVERFALYFTAN

Inngangur

Lýðræðisstefna Reykjavíkur 2021–2030 var samþykkt í borgarstjórn 19. október 2021 ásamt aðgerðaráætlun hennar.

Hér er lögð fram næsta aðgerðaráætlun stefnunnar fyrir árin 2026-2030.

Hún er í takti við samstarfsyfirlýsingu Samfylkingar, Pírata, Sósíalístaflokksins, Flokks fólksins og Vinstri grænna frá 21. febrúar 2025 þar sem kveðið er á um eftirfarandi: „Við ætlum að efla samtal við íbúa um alla borg með nýjum og fjölbreyttum lýðræðislegum leiðum og borgaraþingum og endurskoða fyrirkomulag íbúasamráðs.“

Stýrihópur um mótun aðgerðaráætlunar lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar var skipaður af stafrænu ráði 24. september 2025 með fulltrúunum Alexöndru Briem (formanni), Sabine Leskopf og Friðjóni R. Friðjónssyni.

Uppfært erindisbréf var lagt fram í stafrænu ráði þann 28. janúar 2026 og tók þá við nýr stýrihópur skipaður Dóru Björt Guðjónsdóttur (formanni), Kristni Jóni Ólafssyni og Söndru Hlíf Ocares.

Einnig hefur starfað stýrihópur um þróun og umbætur á lýðræðisverkefninu Hverfið mitt og rímar vinna hans við þá nálgun sem hér er lögð til.

Innleiðing fyrri aðgerðaráætlunar

Innleiðing fyrstu aðgerðaráætlunar lýðræðisstefnunnar hefur gengið vel í heild og mörg verkefni skilað góðum árangri.

Borgaraþing hafa reynst vel, sem og skólaheimsóknir nemenda í Ráðhúsið. Íbúakannanir hafa verið nýttar í auknum mæli og unnið er að þróun aðgengilegri stafrænna lausna til að styðja við frekari notkun þeirra.

Nýr samráðsvefur var þróaður og tekinn í notkun að fyrirmynd samráðsgáttar ríkisins. Þá var fræðsluefni um lýðræðisþátttöku unnið og gefið út, auk þess sem Lýðræðishátíð unga fólksins var haldin í samstarfi við Almannaheill.

Einnig hefur nýtt og endurbætt kosningakerfi verið þróað fyrir Hverfið mitt.

Unnið hefur verið að bættri upplýsingagjöf um framkvæmdir og samráð vegna skipulagsmála hefur víða verið aukið umfram lagaskyldu. Þá hefur verið samþykkt að leggja aukna áherslu á aðgengilegt myndefni í skipulagsgögnum til að bæta skilning og aðgengi íbúa að upplýsingum.





Gagnsjá Reykjavíkur, Gagnahlaðborðið, hefur bætt aðgengi að gögnum borgarinnar verulega.

Samsköpunarferli hefur verið þróað áfram sem hluti af GreenInCities-verkefninu í Breiðholti og verkefnið hverfisskipulag hefur verið innleitt í nokkrum hverfum.

Þrátt fyrir góðan árangur hefur komið fram gagnrýni og vantraust í garð borgarinnar um að ekki sé hlustað nægjanlega á íbúa.

Hverfið mitt er talið hafa misst nokkuð af slagkrafti í núverandi mynd, þrátt fyrir að hafa þróast og tekið breytingum til að mæta annmörkum. Sú þróun hefur jafnframt leitt til þess að umfang verkefnisins hefur þrengst.

Í nýrri aðgerðaráætlun er því lögð áhersla á að sameina verkefni sem áður voru brotakennd í eina heildstæða nálgun. Hún byggir á opnari og sveigjanlegri nálgun, þar sem leitast er við að mæta fjölbreyttum sjónarmiðum íbúa frekar en að vinna innan afmarkaðs kerfis.⁸

Ný aðferð við hverfabróun og íbúalýðræði

Aðgerðaráætlanir eru ætlaðar sem hreyfiafl innan borgarinnar - til að ýta við verkefnum og hrinda nýjum áherslum í framkvæmd.

Mörg verkefni fyrri áætlunar hafa sannað gildi sitt og eru orðin hluti af daglegri starfsemi borgarinnar. Þau eru því ekki endurtekin hér. Í staðinn byggir ný aðgerðaráætlun á reynslu síðustu ára og mótar skýran vilja til næstu skrefa.

Sá vilji felst í því að sameina og efla þær lýðræðisaðferðir sem hafa verið þróaðar og prófaðar og nýta kraft þeirra í samræmdari og markvissari nálgun í hverfum borgarinnar, þar sem íbúar upplifa mest áhrif á sitt daglega líf.

Kjarni aðgerðaráætlunar lýðræðisstefnu Reykjavíkur fyrir árin 2026–2030 er ný aðferð borgarinnar við hverfabróun og íbúalýðræði. Með henni verður unnið markvisst með hvert hverfi fyrir sig.

Nýja aðferðin ber heitið:

HVERFALYFTAN - Hverfi í sókn

Hugmyndin felst í aukinni samþættingu þeirra lýðræðisverkefna sem hingað til hafa verið unnin hvert í sínu lagi, þannig að fjármagn og tími nýtist betur til að mæta þörfum íbúa.

Með Hverfalyftunni verða íbúaping, kosningakerfið að baki verkefninu Hverfinu mínu og hverfissjóður sameinuð í eina heildstæða nálgun undir sameiginlegri regnhlíf.

Byggt verður á hverfisskipulagi þar sem það liggur fyrir og útfærsla breytinga mótuð í samráði við íbúa.



Viðfangsefni Hverfalyftunnar geta meðal annars verið:

- Viðhalds- og úrbótamál
- Endurbætur á þjónustu borgarinnar
- Endurgerð og þróun opinna svæða
- Samskiptun verkefna í hverfiskjörnum, torgum eða á opnum svæðum í samráði við íbúa

Hugmyndafræðilegur bakgrunnur

Aðferðafræði Hverfalyftunnar byggir á fjölbreyttri reynslu og fyrirmyndum.

Hún sækir innblástur til borga á borð við París og Berlín, þar sem unnið hefur verið markvisst með íbúalýðræði á hverfastigi og reglubundnar umbætur gerðar í samvinnu við íbúa.

Einnig byggir hún á samskiptunarverkefninu GreenInCities, þar sem unnið er að endurgerð grænna svæða í Breiðholti í samvinnu við íbúa.

Verkferlar Hverfalyftunnar taka jafnframt mið af aðferðafræði verkefnisins Brothættar byggðir, sem hefur styrkt byggðakjarna víða um land undir handleiðslu Byggðastofnunar.

Sömuleiðis er nálgunin í takt við niðurstöður lýðræðisvinnustofu sem haldin var sumarið 2025 með þátttöku sérfræðinga frá We Do Democracy, þar sem lögð var áhersla á eignarhald almennings og mikilvægi samráðs og gagnsærrar upplýsingagjafar.

Markmið Hverfalyftunnar

Markmið Hverfalyftunnar er að efla traust, þátttöku og lífsgæði í hverfum Reykjavíkur með markvissri, fjármagnaðri og íbúadrifinni nálgun þar sem íbúar sjá raunverulegar breytingar í sínu nærumhverfi. Markmiðið er sömuleiðis að nýta og byggja á reynslu og þekkingu til að skapa meira virði úr verkefnunum, fjármagni og vinnu. Eftirfarandi eru þeir árangursþættir sem verkefninu er ætlað að ná:

- Aukin þátttaka íbúa
- Meira traust til borgarinnar
- Sýnilegar umbætur hratt og örugglega
- Betri nýting fjármagns, tíma og þjónustu
- Aukin lífsgæði í hverfum

Hverfalyftan tryggir að **raddir íbúa leiði til raunverulegra aðgerða** og að umbætur í hverfum séu bæði **sýnilegar og mælanlegar**.





Verkefnalýsing

Hverfalyftan er ný heildstæð aðferð þar sem unnið er kerfisbundið með eitt hverfi í einu:

- 1 - 3 hverfi á ári
- 3 ára lota fyrir hvert hverfi (1 ár í að safna hugmyndum og vinna aðgerðaráætlun og 2 ár í framkvæmdir og endurgjöf)
- Þverfaglegt verkefnateymi
- Samhæfð vinna þvert á svið borgarinnar með bakland í borgarhlutamiðstöðvum borgarinnar sem hafa mikla reynslu af samhæfingu og beinum tengslum við íbúa
- Skýr ábyrgð á framgangi og árangri
- Í stað lítilla úrbóta víða er gert stærra átak í einu hverfi í einu sem er sett í forgang í fjárfestingaáætlun
- Sambærilegt fjármagn og var veitt í Hverfið mitt verði nýtt í samsköpun hverfiskjarna, torgs eða opins svæðis innan hverfisins byggt á svæði sem skilgreint hefur verið í hverfisskipulagi
- Hverfissjóðurinn nýttur til að styðja við frumkvæði íbúa innan hverfisins
- Áhersla á sýnilegar umbætur innan 12-24 mánaða

Hvert hverfi fer í gegnum Hverfalyftuna með **skýru ferli frá samráði til framkvæmda**.

Verkefnið byggir á meginmarkmiðum Lýðræðisstefnu Reykjavíkur:

Hlusta – Rýna – Breyta – Miðla

HLUSTA

- Íbúáping haldið í hverfi
- Víðtækt samráð og þátttaka
- Áskoranir og tækifæri kortlögð
- Stafrænar lausnir og þátttökuaðferðir nýttar (t.d. kosningakerfi)
- Samsköpun beitt í lykilverkefnum (t.d. opin rými og hverfiskjarnar)
- Víðtækt samráð við ólíka hópa í hverfinu eins og við ungmennaráð, fatlað fólk, eldra fólk og innflytjendur með sértækum lausnum eftir þörfum

RÝNA

- Þverfagleg teymi vinna úr niðurstöðum
- Íbúar taka þátt í forgangsröðun og útfærslu verkefna
- Heildstæð greining á þjónustu, umhverfi og innviðum

BREYTA

- Mótuð 2 ára aðgerðaráætlun fyrir hverfið
- Fjármagn og ábyrgð skilgreind
- Verkefni flokkast í:
 - fljótvirkar umbætur (innan 12-24 mánaða)
 - stærri þróunarverkefni
- Úrbætur innleiddar og framkvæmdar næstkomandi ár og kláraðar árið þar á eftir





MÍÐLA

- Regluleg upplýsingagjöf um stöðu verkefna
- Staðbundin miðlun með kost á samtali og útskýringum í hverfunum
- Sýnilegar framfarir og niðurstöður
- Gagnsæi og endurgjöf tryggð

Hverfisleiðtogi

Til að auka skýrleika, tryggja skýra ábyrgð og stuðla að trausti og betra aðgengi er skipaður **hverfisleiðtogi** fyrir hvert hverfi á meðan Hverfalyftan stendur yfir sem:

- leiðir verkefnið í hverfinu
- skýr tengiliður fyrir íbúa
- fylgir eftir framkvæmdum og framvindu
- tekur við ábendingum og kvörtunum
- styður við framkvæmd þvert á hverfi
- vinnur í samráðsteymi með lykilaðilum í hverfinu
- nýtir borgarhlutamiðstöðvar eða samfélagshús sem vinnustöð
- býr í hverfinu og brennur fyrir umbótum

Lýðræðisverkefni aðlöguð að Hverfalyftunni:

Hverfið mitt kosningakerfið verður kjarnakerfi Hverfalyftunnar og þróast í heildstæða þátttöku- og framkvæmdarlausn:

- Safnar hugmyndum frá íbúum eftir íbúabing
- Styður þróun og útfærslu tillagna
- Nýtist til forgangsröðunar með kosningu
- Sýnir stöðu verkefna og framvindu
- Tengir íbúasamráð beint við framkvæmd
- Fjármagn nýtist í samsköpunarferli við hverfahjarta sem skilgreint hefur verið í hverfisskipulagi

Hverfissjóður Reykjavíkur verður virkur hluti af Hverfalyftunni:

- Styður við **smærri og samfélagsdrifin verkefni íbúa**
- Getur fjármagnað hugmyndir sem koma fram í samráðsferlinu
- Eykur sveigjanleika og hraða í framkvæmd
- Styrkir þátttöku og frumkvæði allra íbúa

